

5. Götulýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu götulýsingarkerfis samkvæmt ósk notanda, sem greiði stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast Rafmagnsveiturnar á sinn kostnað.

6. Takmörkun á vali gjaldskárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.

Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dísilstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennuafli er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

III. Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskráum um heimtaugargjöld til Rafmagnsveitna ríkisins.

Í öllum framangreindum tölum er 11% söluskattur innifalinn.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. febrúar 1972. Jafnframt er eldri gjaldskrá úr gildi felld.

Iðnaðarráðuneytið, 17. febrúar 1972.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

**um að reglugerð um eftirlitsgjald nr. 67/1940
skuli úr gildi falla.**

Með lögum nr. 97 28. desember 1971 um vörugjald var gengið út frá því, að niður skyldi falla innheimta matvælaeftirlitsgjalds skv. reglugerð nr. 67/1940.

Þar eð innheimta vörugjalds kemur að nokkur í stað innheimtu matvælaeftirlitsgjalds, er hér með ákveðið, að ekki skuli innheimta matvælaeftirlitsgjald frá gildistöku laga 97/1971.

Samkvæmt þessu er reglugerð nr. 67/1940 úr gildi felld frá og með 28. desember 1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. febrúar 1972.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.